

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Blikastaðavegur 10.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 26. maí 2021, breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 10 við Blikastaðaveg. Breytingin felst í því að stækka aðveitulóð, bæta við byggingarreit og auka byggingarmagn. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hraunbær 143.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 23. júní 2021, breytingu á deiliskipulaginu Hraunbær-Bæjarháls vegna lóðarinnar nr. 143 við Hraunbæ. Í breytingunni felst að gerður verður byggingarreitur fyrir sorpgerði á lóðinni milli húsa B1 og B3. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 28. júní 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2021